



ÍSÍ úthlutar afreksstyrkjum – Breyttar áherslur

Framkvæmdastjórn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands samþykkti, fimmtudaginn 24. janúar 2013, tillögur stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ og Styrktarsjóðs ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna fyrir árið 2013.

Styrkveitingar ÍSÍ að þessu sinni nema samtals rúmlega 81 milljónum króna en úthlutað er rúmlega 71 m.kr. úr Afrekssjóði ÍSÍ og 10 m.kr. úr Sjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna.

Til Afrekssjóðs ÍSÍ bárust umsóknir frá 23 sérsamböndum vegna 55 einstaklinga og vegna 28 verkefna/liða. 22 sérsambönd ÍSÍ hljóta styrk vegna verkefna 21 einstaklinga og 25 verkefna/liða.

Fyrir 2013 eru töluverðar breytingar á listum þeirra sem hljóta A, B og C styrki sjóðsins og þeim fækkar er hljóta þessa styrki sjóðsins. Alls eru 15 íþróttamenn skilgreindir á þeim styrkjum: 5 á A-styrk, 1 á B-styrk og 9 á C-styrk. Þá eru 6 aðilar á eingreiðslustyrkjum sjóðsins.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ hefur ákveðið að breyta áherslum í styrkveitingum fyrir árið 2013 þannig að ákveðin verkefni sérsambanda eru styrkt úr sjóðnum og á það jafnt við verkefni landsliða, hópa og einstaklinga. Allir styrkir sjóðsins eru þannig veittir til sérsambanda ÍSÍ vegna ákveðinna verkefna sem sótt er um. Styrkir sem voru áður skilgreindir á einstaklinga verða færri og hærri upphæð verður þannig veitt til sérsambanda til að ráðstafa í skilgreind verkefni. Nánara fyrirkomulag þessa verður skilgreint í samningum sérsambanda við Afrekssjóð ÍSÍ.

Styrkuppahæðir A, B og C styrkja, sem sérsamband hlýtur vegna einstaklinga eru hækkaðar. A-styrkur fer þannig úr kr. 160 þúsund á mánuði í kr. 200 þúsund á mánuði, B-styrkur úr kr. 80 þúsund í kr. 120 þúsund á mánuði og C-styrkur úr kr. 40 þúsund í kr. 60 þúsund á mánuði. Með þessum hækkunum er verið að breyta skilgreindum upphæðum sem hafa haldist óbreyttar til fjölda ára og ekki breyst í samræmi við vísutöluþróun. Það ber að ítreka að styrkir sjóðsins eru fyrst og fremst vegna kostnaðar við þátttöku í mótum og keppnum og undirbúnings vegna þeirra.

Sjóðsstjórnin leggur líka áherslu á að efla þjónustu fagteymis og fræðslu fyrir íþróttamenn sérsambanda. Þannig hljóta sérsambönd ÍSÍ 5 m.kr. sem skulu nýttar í fræðslu og fyrirbyggjandi þætti frá skilgreindu fagteymi sérsambands eða ÍSÍ. Samhliða því eru sérsambönd hvött til þess að koma sér upp fagteymi sem skipað er fagaðilum á sviði læknisfræða, sjúkráþjálfunar, sálfræði, næringarfræði o.fl. fagstétta, sem sérþekkingu hafa á viðkomandi íþrótt. Afrekssjóður mun einnig styrkja þjónustuþætti vegna þeirra íþróttamanna sem skilgreindir eru á A, B og C styrkjum sjóðsins og er með þessari úthlutun verið að efla þennan þátt íþróttastarfsins. Þá verða haldnir fræðsluviðburðir á vegum sjóðsins þar sem fjölmennur hópur íþróttamanna



sérsambanda og íþróttanefnda ÍSí mun fá boð um þátttöku sem og þjálfarar þeirra og landsliðsþjálfarar sérsambanda ÍSí.

Breytingar á áherslum Afrekssjóðs ÍSí ná einnig til Styrktarsjóðs ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna. Þannig eru sérsambönd styrkt sérstaklega vegna fræðslu og fagteymisþátta á sama hátt og hjá Afrekssjóði ÍSí. Styrkir til sérsambanda og íþróttanefnda ÍSí eru verkefnatengdir og styrkjum sem eru skilgreindir vegna einstaklinga er fækkað. Á sama tíma er fjölgað í þeim hópi sem mun hafa aðgang að fræsluviðburðum sjóðsins og er ætlunin að efla þann þátt enn frekar á þessu ári. Fjöldi styrkþega sjóðsins telur þann 70 einstaklinga sem munu njóta þessa þáttar sem og aðgengis að sérfræðingum í fagteymi ÍSí.

Þrátt fyrir að úthlutað sé að þessu sinni rúmlega 80 milljónum króna, sem er hækkun frá styrkjum undanfarinna ára (undantekning þó árið 2012) er enn langt í land að styrkir ÍSí standi undir afreksstarfi sérsambandanna.

Þegar skoðaðar eru umsóknir sérsambandanna í sjóði ÍSí, sést eftirfarandi:

- Kostnaðaráætlanir þeirra 20 sérsambanda/séríþróttanefnda sem sóttu um styrk vegna íþróttamanna og verkefna til Afrekssjóðs ÍSí 2013 nema rúmlega 482 m.kr. Framlag Afrekssjóðs ÍSí til sérsambanda kr. 71,820 m.kr. nemur um 14,9% af kostnaðaráætlun þeirra vegna þessara verkefna. Þess ber að geta að ekki er sótt um styrk vegna allra landsliðsverkefna sambanda.
- Kostnaðaráætlanir 19 sambandsaðila vegna umsókna í Sjóð ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna nam rúmlega 212 m.kr. Framlag sjóðsins að þessu sinni er 10 m.kr. eða um 4,7% af kostnaðaráætlunum.
- Þessi hlutföll af kostnaðaráætlunum eru nánast í sömu prósentutölu og í janúar 2012.

Framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSí fyrir árið 2013 hækkaði í 55 m.kr., en var árið 2012 34,7 m.kr. auk þess sem að sérstyrkur vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í London að upphæð 25 m.kr. var úthlutað til sérsambanda ÍSí í gegnum Afrekssjóð ÍSí. Afrekssjóður ÍSí er annars fjármagnaður með hlutdeild úr tekjum íþróttahreyfingarinnar frá Íslenskri Getspá samkvæmt ákvörðun Íþróttapings.

Auk styrkja Afrekssjóðs ÍSí og Styrktarsjóðs ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna mun íslenskt íþróttafólk njóta styrkja frá Ólympíusamhjálpinni á árinu. Skíðasamband Íslands (SKÍ) mun hljóta styrki vegna fimm íslenska skíðamanna í tengslum við undirbúning þeirra fyrir Vetrarólympíuleikana í Sochi 2014. Eru þetta þau: María Guðmundsdóttir, Brynjar Jökull Guðmundsson, Sævar Birgisson, Helga María Vilhjálmisdóttir og Einar Kristinn Kristgeirsson, en þau stefna ásamt fleirum á að vinna sér þátttökurétt á leikana sem fara fram í febrúar 2014. Styrkur Ólympíusamhjalparinnar er áætlaður rúmar 19 m.kr. til SKÍ vegna þessa einstaklinga og verður hann kynntur nánar á næstunni, þegar gengið verður frá samningum vegna þessara styrkja.

Íslenskt afreksíþróttafólk eru mikilvægar fyrirmyndir fyrir íslenska æsku og þjóðfélagið í heild sinni. Þegar vel gengur styðja Íslendingar vel við sína fremstu íþróttamenn en



Þegar á móti blæs er stutt í gagnrýnisraddir. Líkt og áður er mjög mikilvægt að hlúa enn betur að þessu fólki með því að gefa því tækifæri á að taka þátt í verðugum verkefnum og styðja við bakið á því með fræðslu og faglegri þekkingu.

Frekari styrkjum mun verða úthlutað á árinu 2013 og mun stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ fylgjast náið með framvindu og árangri á árinu. Ljóst er að A-lið kvenna í knattspyrnu mun taka þátt í lokakeppni EM næsta sumar og er verið að skoða kostnaðarliði þess verkefnis. Þá eru fjölmargir ungir og efnilegir íþróttamenn líklegir til afreka á árinu og er hlutverk afrekssjóða ÍSÍ að styðja við það öfluga starf sem á sér stað á vegum sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ.

Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ, Örn Andrésson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ, Friðrik Einarsson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSÍ og starfsmaður Afrekssjóða ÍSÍ kynntu úthlutun ÍSÍ.



A-styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ 2013



Auðunn Jónsson / Kraftlyftingasamband Íslands



Ásdís Hjálmsdóttir / Frjálsíþróttasamband Íslands



Ásgeir Sigurgeirsson / Skotíþróttasamband Íslands



Eygló Ósk Gústafsdóttir / Sundsamband Íslands



Jón Margeir Sverrisson / Íþróttasamband fatlaðra

B-styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ 2013



Hrafnhildur Lúthersdóttir / Sundsamband Íslands



C-styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ 2013



Anton Sveinn McKee / Sundsamband Íslands



Einar Daði Lárusson /Frjálsíþróttasamband Íslands



Helgi Sveinsson / Íþróttasambandi fatlaðra



Kári Steinn Karlsson /Frjálsíþróttasamband Íslands



Óðinn Björn Þorsteinsson /Frjálsíþróttasamband Íslands



Þormóður Árni Jónsson / Júdósamband Íslands



Aðalheiður Rósa Harðardóttir / Karatesamband Íslands



María Guðsteinsdóttir / Kraftlyftingasamband Íslands



Júlían J. K. Jóhannsson / Kraftlyftingasamband Íslands



Styrkveitingar 2013

Afrekssjóður ÍSí

Blaksamband Íslands (BLÍ)

- A landslið kvenna, undankeppni HM 2014	kr.	250.000,-
- A landslið karla, undankeppni HM 2014	kr.	250.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna A-landsliða	kr.	100.000,-
Alls	kr.	600.000,-

Badmintonsamband Íslands (BSÍ)

- A landslið í badminton vegna EM	kr.	500.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna A-landsliðs	kr.	100.000,-
Alls	kr.	600.000,-

Borðtennissamband Íslands (BTÍ)

- Landsliðsverkefni, HM og EM	kr.	300.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna A-landsliðs	kr.	100.000,-
Alls	kr.	400.000,-

Dansípróttasamband Íslands (DSÍ)

- Landsliðsverkefni, EM og HM	kr.	500.000,-
- Fræðsla og fagteymi landsliðs	kr.	100.000,-
Alls	kr.	600.000,-

Frjálsípróttasamband Íslands (FRÍ)

- Landsliðsverkefni	kr.	2.000.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna A-landsliðs	kr.	400.000,-
- Ásdís Hjálmsdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Óðinn Björn Þorsteinsson / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Kári Steinn Karlsson / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Einar Daði Lárusson / C-styrkur	kr.	720.000,-
Alls	kr.	6.960.000,-

Fimleikasamband Íslands (FSÍ)

- A-landslið – áhaldafimleikar kk og kvk, EM	kr.	1.200.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna A-landsliðs í áhaldafiml.	kr.	250.000,-
- A-landslið – hópíimleikar kvk og bl. liða, NM	kr.	500.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna A-landsliðs í hópíiml.	kr.	150.000,-
- Thelma Rut Hermannsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Ólafur Garðar Gunnarsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
Alls	kr.	2.700.000,-



Golfsamband Íslands (GSÍ)

- Landsliðs Íslands vegna EM landsl./einstakl.	kr.	2.500.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna A-landsliðs	kr.	400.000,-
- Ólafur Björn Loftsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	500.000,-
Alls	kr.	3.400.000,-

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ)

- A-landslið karla	kr.	9.000.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna A-landsliðs karla	kr.	400.000,-
- A-landslið kvenna	kr.	5.000.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna A-landsliðs kvenna	kr.	400.000,-
Alls	kr.	14.800.000,-

Íþróttasamband fatlaðra (ÍF)

- Jón Margeir Sverrisson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Helgi Sveinsson / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Jóhann Rúnar Kristjánsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Erna Friðriksdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni (EM, HM og undirbúningur Sochi 2014)	kr.	1.000.000,-
- Fræðsla og fagteymi	kr.	400.000,-
Alls	kr.	5.120.000,-

Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ)

- A-landslið karla vegna HM 2013	kr.	500.000,-
- Fræðsla og fagteymi	kr.	100.000,-
Alls	kr.	600.000,-

Júdósamband Íslands (JSÍ)

- Þormóður Árni Jónsson / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Landsliðsverkefni	kr.	800.000,-
- Fræðsla og fagteymi	kr.	100.000,-
Alls	kr.	1.620.000,-

Karatesamband Íslands (KAÍ)

- Aðalheiður Rósa Harðardóttir / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna landsliðshóps	kr.	100.000,-
Alls	kr.	820.000,-

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ)

- A-landslið karla	kr.	4.000.000,-
- Fræðsla og fagteymi	kr.	400.000,-
Alls	kr.	4.400.000,-



Keilusamband Íslands (KLÍ)

- Karlalandsliðið vegna HM 2013	kr.	500.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna landsliðshóps	kr.	100.000,-
Alls	kr.	600.000,-

Kraftlyftingasamband Íslands (KRA)

- Auðunn Jónsson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- María Guðsteinsdóttir / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Júlían Jóhann Karl Jóhannsson / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna landsliðshóps	kr.	100.000,-
Alls	kr.	3.940.000,-

Landssamband hestamannafélaga (LH)

- Landsliðsverkefni vegna HM	kr.	1.500.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna landsliðshóps	kr.	100.000,-
Alls	kr.	1.600.000,-

Lyftingasamband Íslands (LSÍ)

- Fræðsla og fagteymi vegna landsliðshóps	kr.	50.000,-
Alls	kr.	50.000,-

Skíðasamband Íslands (SKÍ)

- Landsliðsverkefni - Alpagreinar	kr.	6.000.000,-
- Landsliðsverkefni - Skíðaganga	kr.	1.000.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna landsliðshóps	kr.	400.000,-
Alls	kr.	7.400.000,-

Skyldingasamband Íslands (SKY)

- Karlalandslið vegna HM og EM	kr.	700.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna karlalandsliðs	kr.	100.000,-
- Kvennalandslið vegna HM og EM	kr.	700.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna kvennalandsliðs	kr.	100.000,-
- Þorbjörg Ágústsdóttir / Eingreiðsla	kr.	300.000,-
Alls	kr.	1.900.000,-

Sundsamband Íslands (SSÍ)

- Landsliðsverkefni	kr.	2.500.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna A-landsliðs	kr.	400.000,-
- Eygló Ósk Gústafsdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Hrafnhildur Lúthersdóttir / B-styrkur.	kr.	1.440.000,-
- Anton Sveinn McKee / C-styrkur	kr.	720.000,-
Alls	kr.	7.460.000,-



Skotíþróttasamband Íslands (STÍ)

- Ásgeir Sigurgeirsson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Landsliðsverkefni (haglab. og skamb.)	kr.	400.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna landsliðs	kr.	100.000,-
Alls	kr.	2.900.000,-

Tennissamband Íslands (TSÍ)

- Landslið karla vegna Davis cup	kr.	300.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna landsliðs	kr.	50.000,-
Alls	kr.	350.000,-

Fagteymi ÍSÍ

	kr.	3.000.000,-
Alls	kr.	3.000.000,-

Heildarúthlutun **kr.** **71.820.000,-**



Styrktarsjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna

Blaksamband Íslands (BLÍ)

- Unglingalandsliðsverkefni, NM og Nevza	kr.	400.000,-
- Fræðsla og fagteymi landsliðshópa	kr.	100.000,-
Alls	kr.	500.000,-

Badminton samband Íslands (BSÍ)

- Unglingalandsliðsverkefni, EM U-19	kr.	200.000,-
- Fræðsla og fagteymi landsliðshópa	kr.	100.000,-
- Margrét Jóhannsdóttir	kr.	100.000,-
Alls	kr.	400.000,-

Dansíþróttasamband Íslands (DSÍ)

- Afrekshópur unglunga	kr.	300.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna afrekshóps unglunga	kr.	100.000,-
Alls	kr.	400.000,-

Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ)

- Landsliðsverkefni unglunga (HM og EM)	kr.	400.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna afrekshóps unglunga	kr.	100.000,-
- Aníta Hinriksdóttir	kr.	300.000,-
- Sveinbjörg Zophoníasdóttir	kr.	100.000,-
Alls	kr.	900.000,-

Fimleikasamband Íslands (FSÍ)

- Unglingalandsliðsverkefni í áhaldafimleikum	kr.	400.000,-
- Unglingalandsliðsverkefni í hóp fimleikum	kr.	100.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna afrekshóps unglunga	kr.	100.000,-
Alls	kr.	600.000,-

Golfsamband Íslands (GSÍ)

- Unglingalandsliðsverkefni	kr.	400.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna afrekshóps unglunga	kr.	100.000,-
- Ragnar Már Garðarsson	kr.	200.000,-
Alls	kr.	700.000,-

Hjólreiðanefnd ÍSÍ (HJÓ)

- Emil Tumi Víglundsson	kr.	100.000,-
Alls	kr.	100.000,-



Handknattleikssamband Íslands (HSÍ)

- Unglingalandsliðsverkefni	kr.	600.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna unglingsliða	kr.	100.000,-
Alls	kr.	700.000,-

Íþróttasamband fatlaðra (ÍF)

- Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir	kr.	200.000,-
- Kolbrún Alda Stefánsdóttir	kr.	100.000,-
- Unglingalandsliðsverkefni	kr.	200.000,-
- Fræðsla og fagteymi	kr.	100.000,-
Alls	kr.	600.000,-

Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ)

- U18 landslið karla	kr.	400.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna unglingsliða	kr.	100.000,-
Alls	kr.	500.000,-

Skautasamband Íslands (ÍSS)

- Unglingalandsliðsverkefni, NM	kr.	300.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna unglingsliða	kr.	100.000,-
Alls	kr.	400.000,-

Júðósamband Íslands (JSÍ)

- Unglingalandsliðsverkefni	kr.	300.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna unglingsliða	kr.	100.000,-
Alls	kr.	400.000,-

Karatesamband Íslands (KAÍ)

- Heiðar Benediktsson	kr.	100.000,-
Alls	kr.	100.000,-

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ)

- Fræðsla og fagteymi vegna unglingsliða	kr.	100.000,-
Alls	kr.	100.000,-

Keilusamband Íslands (KLÍ)

- Arnar Davíð Jónsson	kr.	100.000,-
Alls	kr.	100.000,-

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ)

- U19 ára landslið kvenna	kr.	500.000,-
- Fræðsla og fagteymi vegna U19 kvenna	kr.	100.000,-
Alls	kr.	600.000,-



Lyftingasamband Íslands (LSÍ)

- Lilja Linda Helgadóttir

kr. 100.000,-
Alls kr. 100.000,-

Skíðasamband Íslands (SKÍ)

- Jakob Helgi Bjarnason

kr. 100.000,-

- Erla Ásgeirsdóttir

kr. 100.000,-

- Sturla Snær Snorrason

kr. 100.000,-

- Unglingalandsliðsverkefni

kr. 300.000,-

- Fræðsla og fagteymi vegna unglingsliða

kr. 100.000,-

Alls kr. 700.000,-

Skylmingasamband Íslands (SKY)

- U21 landsliðsverkefni

kr. 300.000,-

- Fræðsla og fagteymi vegna unglingsliða

kr. 100.000,-

Alls kr. 400.000,-

Sundsamband Íslands (SSÍ)

- Kristinn Þórarinsson

kr. 200.000,-

- Unglingalandsliðsverkefni, EMU

kr. 400.000,-

- Fræðsla og fagteymi vegna unglingsliða

kr. 100.000,-

Alls kr. 700.000,-

Tennissamband Íslands (TSÍ)

- Unglingalandsliðsverkefni

kr. 300.000,-

- Fræðsla og fagteymi vegna unglingsliða

kr. 100.000,-

Alls kr. 400.000,-

Fagteymi ÍSÍ

kr. 300.000,-

Alls kr. 300.000,-

Heildarúthlutun kr. 10.000.000,-